

## **Viðauki við þjónustusamning mennta- og menningarmálaráðuneytis við Kvikmyndaskóla Íslands dags. 1.nóvember 2015**

Tilgangur viðauka þessa er að kveða á um þau atriði sem kveðið er á um í 2. mgr. 44. gr. framhaldsskólalaga nr. 92/2008. Atriðin eru: áherslur í starfsemi skólans, námskrár, námsframboð, kennslufyrirkomulag og mat og eftirlit með skólastarfi.

### **1.6.1 Helstu áherslur og markmið í starfi skólans**

Kvikmyndaskóli Íslands býr nemendur undir sérhæfð störf í íslenskum kvikmynda- og sjónvarpsiðnaði.

**Markmið skólans samkvæmt samningi þessum eru að:**

- Finna hæfileikafólk og veita því trausta, fræðilega og hagnýta menntun sem gerir það eftirsótt á vinnumarkaði strax að loknu námi.
- Búa nemendur fyrir framhaldsnám í kvikmyndagerð.
- Þjálfa nemendur í beitingu og notkun myndmáls og auka þátt myndmiðla í íslensku samfélagi.
- Fylgjast með og laga námið að nýjungum í fjölmiðlun og dreifingu svo mennta megi fólki til nýrra starfa sem skapast.

**Aðrar helstu áherslur skólans á gildistíma samningsins eru:**

- Gegnsæi í stjórnun og starfsemi gagnvart nemendum, starfsfólki og öðrum sem eiga hagsmuna að gæta vegna þjónustu og reksturs skólans. Skólinn fari a) að 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 um áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnar skólans eða á öðrum þeim vettvangi sem fjallar um það sem talið er upp í 2. mgr. 5. gr., b) að 7. gr. laganna hvað varðar skólaráð, c) að 9. gr. laganna um skólafundi og d) að 10. gr. laganna um kennarafundi.
- Ábyrga miðlun upplýsinga um stöðu og starfsemi skólans til nemenda hans og út á við gagnvart öðrum. Skólinn ábyrgist að kynningarefni hans, þ.m.t. á ytri vef, skapi einungis réttmætar og raunhæfar væntingar hjá nemendum og öðrum.
- Hann kynnir sig sem skóli á framhaldsskólastigi þar sem viðurkenning hans nær til.
- Mikilvægar ákvarðanir um starfsemi skólans og nemendur séu formlegar og færðar til bókar (skráðar kerfisbundið).

### **1.6.2 Námskrár**

Skólinn starfi samkvæmt gildandi skólanámskrá sem skólinn hefur lagt fram með umsókn um viðurkenningu skv. 12. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Ráðuneytið og Kvikmyndaskóli Íslands munu, á tímabilinu, en eigi síðar en áramótin 2016/2017, hafa lokið við að yfirfara gildandi námskrá skólans með það að markmiði að skýra stöðu hans í samhengi við aðra sambærilega skóla og endurskoða viðurkenningu hans á

grundvelli þess. Að því loknu skal skrá námsbrautalýsingar í námskrágrunn Menntamálastofnunar og öðlast staðfestingu þar. Jafnframt skal skólinn byggja upp samstarf við háskóla erlendis sem og hér á landi til að styrkja rétt nemenda um að fá nám sitt metið við háskóla eða aðra skóla á framhaldsskólastigi.

### 1.6.3 Námsframboð

Skólinn bjóði nám í kvikmyndagerð, á allt að fjórum brautum: Leikstjórn og framleiðsla, tækni, handrit og leikstjórn og leiklist.

### 1.6.4 Kennslufyrirkomulag

Kennslan skal vera staðbundin, fara fram á dagtíma og vera bæði bókleg og verkleg þjálfun.

### 1.6.5 Mat og eftirlit með gæðum

Á ytri vef skólans skal vera vönduð lýsing á innra mati skólans og skal matið uppfylla eftirfarandi markmið sbr. 40. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008:

- a) Veitir upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólk framhaldsskóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- b) Tryggir að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla.
- c) Eykur gæði náms og skólastarfs og stuðlar að umbótum.
- d) Tryggir að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í lýsingu á ytri vef skólans skal einnig koma fram hvernig innra mat er skipulagt svo það tryggi, sbr. 1. mgr. 41. gr. framhaldsskólalaga, kerfisbundið mat á árangri og gæðum skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Gera skal grein fyrir því hvernig virkt innra mat uppfyllir ákvæði 3. gr. reglugerðar um mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 um að vera samofið annarri starfsemi skóla og skapa forsendur fyrir markvissu mati á árangri og leiðum að markmiðum skóla. Innra mat skal vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta skólastarfsins. Það skal stuðla að aukinni vitund um mikilvægi gæða í öllu starfi.

Áhersla skal lögð á að birta opinberlega upplýsingar um innra mat skólans (matskýrslur, tölulegar upplýsingar, frásagnir frá fundum um innra mat), tengsl matsins við skólanámskrá og áætlanir um umbætur, í samræmi við 2. mgr. 41. gr. framhaldsskólalaga.